



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 80 ára afmæli
skólahalds á Laugum
30. október 2005**

Góðir Þingeyingar
Ágætu hátíðargestir

Ég færi ykkur einlægar heillaóskir og þakkir þjóðarinnar fyrir þátt skólans á Laugum í menntun, menningu og framförum Íslendinga. Saga hans hefur svo sannarlega verið merk og því tilefni til að gleðjast og fagna á þessum tímamótum.

Ég færi ykkur einnig kveðjur frá Dorrit sem gat því miður ekki verið með okkur í dag því hún þurfti að fara til Jerúsalem, fæðingaborgar sinnar og hlúa að fornminjum með föður sínum.

Það vakti með mér ákveðin hugrenningartengsl því á vissan hátt má segja að Laugar hafi verið eins konar Jerúsalem ykkar Þingeyinga, tákn um einhug og metnað, tilvísun til merkrar sögu en líka ávísun á framtíðina, staður þar sem jafnan hefur verið hugsað stórt, helgur reitur í umrótinu sem fylgt hefur sýslunni – og reyndar þjóðinni allri – í hartnær öld.

Menningarsaga Þingeyinga geymir mörg dæmi um samtakamátt, um félögin sem stofnuð voru til að efla framför íbúanna, búnaðarfélög, lestrarfélög, ungmennafélög, kaupfélagið og ýmis önnur. Bókasöfnin urðu háskóli Þingeyinga, úrvalsrit á erlendum málum gengu milli manna, nýr skáldskapur, heimspeki, vísindi, hagnýt fræði, bækur um byltingu samfélagsins.

Hér var hugsað hátt og hindrunum rutt úr vegi; bændur og búalið létu fátt aftra för, stefnan sett á framtíðarlandið, þá Jerúsalem sem bjó í hjörtum fólksins, draumalandið þar sem fátækt var útrýmt, smjör draup af hverju strái og blómlegar sveitir voru vettvangur iðandi mannlífs.

Hugsjónin um betri tíma hefur ávallt verið aðal Þingeyinga og snemma urðu menntun og skólalald burðarás í stefnuskránni, fræðsla hinna ungu fyrirheit um að vonir myndu rætast.

Við minnumst á þessum degi brautryðjenda, fólksins sem stóð í stafni: Sigurðar í Ystafelli sem fór víða um sveitir og kenndi börnum, Einars í Nesi sem réð mestu um stofnun Hléskógaskóla, Benedikts frá Auðnum sem dreifði bókum um allar jarðir og Arnórs á Litlu Laugum Sigurjónssonar sem hóf máls á því á fundi ungmennafélagsins að rétt væri að stofna unglingaskóla.

Úr þessum jarðvegi spratt skólinn á Laugum en faðir Arnórs, Sigurjón gaf land ásamt réttindum til heita vatnsins. Þá urðu tímamót og að lokinni byggingu skólahúss sem Samband ungmennafélaganna beitti sér fyrir var Alþýðuskólinn á Laugum settur í fyrsta sinn í vetrarbyrjun.

Fyrirmyndin var sótt í norrænu lýðháskólana sem höfðu verið umbótaafli og vakningarhvatar, leitt nýjar kynslóðir á menntabraut, ungmenni sem ella hefðu ekki átt kost á skólagöngu.

Laugaskólinn varð á sama hátt tákn um nýja tíma, vettvangur þar sem ungir Þingeyingar og æskufólk úr öðrum sýslum öðlaðist trú á eigin getu, átti kost á góðri menntun, margir héldu þaðan til æðra náms, öðluðust síðar mestu prófgráður sem vöð var á, urðu meistara og doktorar í ólíkum fræðum og ætíð reyndist traustur grunnurinn sem lagður var á Laugum.

Á langri leið hefur margt á dagana drifið í skipulagi menntamála og skólakerfið í landinu verið stokkað upp en ávallt hefur skólalald hér á Laugum haldið velli, lagað sig að breyttum tímum og varðveitt arfleifðina sem gefið hefur Laugaskóla sérstakan sess.

Skóli er ekki aðeins fræðslumiðstöð, kennsluver; hann er líka menningarstofnun, vettvangur þar sem hefðir ganga í endurnýjun lífdaga, tengjast ferskum straumum úr öðrum áttum svo að úr verður aflvél nýrra tíma.

Ég hef iðulega áréttað að skólarnir eru helsti hvati framfaranna, sá vettvangur sem mestu mun ráða um samkeppnishæfni Íslendinga á nýrri öld. Í menntuninni búa þeir eiginleikar sem mestu skipta þegar þjóðir leggja drög að velferð og hagsæld í framtíðinni. Úrslitin munu ráðast á skólaárum, löngu áður en komið er á vinnumarkað. Sú virkjun sem áhrifaríkust mun reynast um ókomin ár er í skólum landsins, ekki á fjöllum uppi.

Skólanum er því sannarlega mikill vandi á höndum, að vera í senn merkisberi nýrra tíma og akkeri í ólgusjó breytinganna, að flytja hið besta

úr arfleifð okkar Íslendinga í hendur ungu fólki en gefa því um leið tækifæri til að blómstra á breiðum veraldarvelli.

Heilbrigð og hæfileikarík æska er mesta auðlind sem byggðarlög geta eignast; vegvísar til nýrra sigra, fyrirheit um farsæld og heill í framtíðinni.

Þegar við Íslendingar búum okkur nú til öflugrar sóknar mun líkt og áður reynast traustur liðsauki í Laugaskóla og ég veit að hér ríkir metnaður til að vera vandanum vaxinn.

Margir minnst Laugaskóla með þakkarhug á þessum degi; þjóðin öll væntir mikils af ykkur í framtíðinni.